



Ráðstefna Íðjupjálfafélags Íslands

5. mars 2016

Ágrip

I - A1

„Þau taka alltaf á móti mér, já eins og manneskju, ekki eins og geðsjúklingi“

Reynsla fólks af þjónustu geðdeildar

Sólrún Óladóttir og Guðrún Pálmadóttir

Háskólinn á Akureyri

Bakgrunnur

Skjólstæðingsmiðuð þjónusta á sér langa sögu meðal fagfólks sem starfar í velferðarþjónustu. Helstu einkenni slíkrar þjónustu eru að samband fagaðila og skjólstæðings byggir á virðingu og trausti, stuðlað er að valdi skjólstæðings og hann hvattur til þátttöku í ákvörðunum eftir að viðeigandi upplýsingagjöf hefur átt sér stað. Þrátt fyrir að nálgunin eigi sér langa sögu í velferðarþjónustu og sé einn af hornsteinum iðjuþjálfna er skortur á rannsóknum sem horfa á fyrirbærið út frá sjónarhóli skjólstæðinga.

Aðferð

Eftir að viðtalsrammi, sem tók mið af grundvallarþáttum skjólstæðingsmiðaðs starfs, hafði verið útbúinn voru tekin viðtöl við fjóra karla og tvær konur sem áttu það sameiginlegt að hafa þegið þjónustu á geðdeild í a.m.k. 10 daga. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð og að því loknu voru aðferðir sniðmátunar notaðar til að greina gögnin.

Niðurstöður

Við úrvinnslu gagna varð til sniðmát, þar sem skjólstæðingsmiðuð þjónusta birtist í tveimur ólíkum víddum. Tengslavíddin mótaðist aðallega af samskiptum skjólstæðings við fagfólkið, en hin aðstæðubundna vídd tengdist tækifærum til þátttöku í iðju, siðum, venjum og menningu stofnunarinnar. Niðurstöður tengslavíddarinnar leiddu í ljós að meirihluti viðmælenda taldi fagfólkið hafa hlýlegt viðmót og sýna sér virðingu. Þrátt fyrir að viðmælendur tækju ekki alltaf fullan þátt í ákvörðunum lýstu flestir þeirra ánægju sinni með þennan þátt. Hins vegar voru misjafnar skoðanir á aðkomu fjölskyldunnar að þjónustunni. Í aðstæðubundnu víddinni greindu viðmælendur frá því að starfsmannahópurinn væri einsleitur, þeim fannst takmarkaðir möguleikar til þátttöku í uppbyggjandi iðju á kvöldin og um helgar og lýstu jafnframt fáum tækifærum til að koma hugmyndum sínum að umbótum á starfi deildarinnar á framfæri.

I - A2

Batamiðuð þjónusta og iðjuþjálfun á fullorðinsgeðsviði LSH

Erna Sveinbjörnsdóttir og Aníta Stefánsdóttir

Landspítali

Bakgrunnur

Í upphafi ársins 2012 var ákveðið að innleiða Batamiðaða þjónustu (e. Recovery Approach) á geðsviði Landspítalans. Þjónustunni er ætlað að efla samstarf þjónustuþega og starfsfólks og draga úr hefðbundnum hlutverkaskiptum milli þeirra. Þjónustuþeginn er sérfræðingur í eigin lífi, en starfsfólk leiðbeinir og styður við að ná settum markmiðum. Áhersla er lögð á sjálfsákvörðunartöku, sjálfstjórn og getu þjónustuþega til að lifa merkingarbæru lífi, sem svipar til áhersla í iðjuþjálfun. Heimildir benda til að beinn ávinningur sé af innleiðingu þessara starfshátta, svo sem aukin virkni þjónustuþega, jákvæðar breytingar á starfsumhverfi, betri líðan og aukin hollusta starfsmanna. Markmið innleiðingarinnar er að veita árangursríkari þjónustu á geðsviði LSH og gera starfsfólk meðvitaðra um mikilvægi skjólstæðingsmiðaðrar nálgunar. Einnig að skjólstæðingurinn sjálfur ráði miklu í meðferð sinni og beri sjálfur ábyrgð á eigin bata.

Aðferð

Iðjuþjálfar á Kleppi hafa tekið virkan þátt í innleiðingu Batastefnunnar á Kleppi, s.s. í vinnuhóp, gerð bæklinga og veggspjalda um Batastefnuna og þýðingar á tengdu efni. Einnig hafa iðjuþjálfar tekið þátt í stofnun Bataskóla og Batamiðstöðvar á Kleppi ásamt því að taka virkan þátt í starfseminni.

Staða

Batamiðuð þjónusta er enn í uppbyggingu en miðar vel áfram. Batamiðstöðin er orðin fastur liður í dagskrá fjölmargra skjólstæðingar sem nýta sér þá dagskráliði sem í boði eru og hefur það nýst þeim vel í bataferlinu.

I - A3

Batasetur Suðurlands

Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir

Batasetur Suðurlands - Virknimiðstöð fyrir fólk með geðraskanir

Bakgrunnur

Batasetur Suðurlands var stofnað árið 2015 í kjölfar málþings um geðheilbrigðisþjónustu á Suðurlandi. Á þessu málþingi töluðu þeir sem láta sig varða slíka þjónustu á Suðurlandi og var niðurstaðan sú að það vantaði úrræði sem hvetur fólk til virkni og það getur unnið að bata sínum.

Aðferð

Farið var í kynningarátak til þess að kynna verkefnið innan þjónustustofnana á Suðurlandi s.s. á Heilbrigðisstofnun Suðurlands og hjá sveitarfélögum og opinberum stofnunum. Sótt var um styrki víða, en Samband Sunnlenskra Sveitarfélaga veitti styrk svo að hægt var að hefja vinnu við að koma verkefninu á framkvæmdarstig. Leitað var eftir samstarfi við Klúbbinn Strók sem er með starfsemi fyrir fólk með geðraskanir. Undirtektir voru fremur litlar en það samdist samt sem áður um að Batasetur Suðurlands gæti fengið að nýta húsnæði Stróks á föstudögum þar sem engin starfsemi er í húsinu þá. Ákveðið var að hefja starfsemi 4. september og var opið hús þann dag til þess að fólk gæti komið og kynnt sér verkefnið. Batasetrið er opið frá 9-16 alla föstudaga og hefur iðjubjálfi veg og vanda að starfseminni. Til þess að kynna virknimiðstöðina hefur iðjubjálfinn skrifað greinar í héraðsblöðin og auglýst starfsemina. Einnig hefur hún farið í fyrirtæki og stofnanir með kynningar. Starfsemin samanstendur af verkefnavinnu um valdeflingu og bata og umræðum og stuðningi við notendur á jafningjagrunni. Unnið hefur verið að því að fara með geðfræðslu í skóla á Suðurlandi og hafa undirtektirnar farið fram úr björtustu vonum.

Staða

Í dag eru um það bil 10 komur hvern föstudag og er mikil ánægja með starfsemi Batasetursins. Unnið er markvisst að því að auka þann tíma sem Batasetrið starfar og er sú vinna í samstarfi við ýmsa opinbera aðila á Suðurlandi.

I - B1

Samvinna fjölskyldu og fagaðila í endurhæfingu barna

Hólmús Freyja Methúsalemsdóttir^{1,2} og Gerður Gústavsdóttir¹

Æfingastöðin og Háskólinn á Akureyri

Bakgrunnur

Fjölskyldumiðuð þjónusta sem er talin ein besta nálgunin í endurhæfingu barna var innleidd á Æfingastöðinni árið 2009 þar sem fram fer umfangsmikil iðjuþjálfun og sjúkraþjálfun barna. Einn mikilvægasti þátturinn í fjölskyldumiðaðri þjónustu er samvinna við foreldra og aðra þá sem koma að barninu. Frá upphafi innleiðingarinnar hafa fjölskyldur verið virkar í markmiðssetningu en með eflingu þeirra í öllu íhlutunarferlinu þ.e. ákvarðanatöku, markmiðssetningu sem og beinni þátttöku í íhlutun barnsins er útkoman talin verða ánægjulegri og markvissari fyrir alla aðila.

Aðferð

Þjálfarar á Æfingastöðinni hafa kynnt sér og unnið að innleiðingu þeirra aðferða sem settar eru fram í starfslíkani Palisano (*Family-professional collaboration in Pediatric rehabilitation: A practice Model*) sem leiðir þjónustuaðila áfram í því að efla fjölskylduna í íhlutunarferlinu í heild. Frá innleiðingu hafa verið gerðar kannanir á upplifun þjálfara og foreldra á því hversu fjölskyldumiðuð þjónustan er.

Niðurstöður

Breytt verklag hefur haft í för með sér ýmsar áskoranir á vinnustaðnum, þjónustan tekið breytingum og starfsmenn farið í gegnum viðamikil breytingarferli á undanförunum árum. Nokkur reynsla er komin á þetta vinnulag í þjónustu Æfingastöðvarinnar og hafa þjálfarar og foreldrar lýst yfir ánægju með aukið samstarf í íhlutunarferlinu sem og eflingu þeirra sem að málum koma. Niðurstöður kannana gefa til kynna að almennt er þjónustan talin fjölskyldumiðuð, heildstæð, samhæfð og einkennast af virðingu og samvinnu. Kannanir hafa einnig leitt í ljós að upplýsingagjöf er ábótavant en sú niðurstaða er í samræmi við aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið á fjölskyldumiðaðri þjónustu.

I - B2

Fjölskyldur og velferðarþjónusta Viðhorf foreldra fatlaðra barna á Akureyri

Sara Stefánsdóttir¹ og Snæfríður Þóra Egilson²

Háskólinn á Akureyri¹ og Háskóli Íslands²

Bakgrunnur

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna reynslu foreldra fatlaðra barna af þjónustunni sem þeir og börn þeirra njóta hjá Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar, og að greina þætti sem tengjast ánægju foreldra með þjónustuna.

Aðferð

Notað var blandað skýringarsnið. Í upphafi var gögnum safnað með matslistanum *Mat foreldra á þjónustu* sem sendur var til foreldra 115 fatlaðra barna, svarhlutfall var um 50%. Lýsandi tölfræði, marktektarprófum og fylgnistuðlum var beitt við gagnagreiningu. Í kjölfarið tóku fjórtán foreldrar fatlaðra barna þátt í rýnihópaumræðum til að dýpka og túlka meginlegu niðurstöðurnar frekar.

Niðurstöður

Gagnagreining leiddi í ljós að foreldrar, sér í lagi foreldrar yngri barna, telja að þjónusta Fjölskyldudeildarinnar samræmist hugmyndum um fjölskyldumiðaða þjónustu. Foreldrar upplifa jákvætt og styðjandi viðmót, gott aðgengi að starfsfólki og mikilvægan stuðning frá því. Einnig að þjónustan sé sveigjanleg og skjótt brugðist við úrlausnarefnum. Hins vegar skortir töluvert á upplýsingagjöf og skilgreina þarf betur hlutverk og verksvið deildarinnar. Foreldrar barna sem þurfa töluverða eða alltaf fulla aðstoð við daglegar athafnir voru ánægðari með þjónustuna en foreldrar barna sem eru alveg eða að mestu sjálfbjarga. Foreldrar barna með einhverfu voru óánægðari en foreldrar barna með skerðingu af öðrum toga. Þátttaka foreldra í ákvarðanatöku og jákvæð upplifun af framkomu fagfólks hafði forspárgildi um ánægju þeirra með þjónustuna. Leita þarf leiða til að stuðla að aukinni þátttöku foreldra í ákvarðanatöku og auka upplýsingagjöf enda getur upplýsingaskortur valdið óöryggi og upplifun af því að þjónustan sé tilviljanakennd. Sér í lagi þarf að huga að fjölskyldum barna á efri stigum grunnskóla.

I - B3

„Það var litið á mig sem manneskju en ekki vonlaust tilfelli“

Reynsla ungs fólks af því að vera í sérskóla

Deborah Robinson, Guðrún Pálmadóttir og Hermína Gunnþórsdóttir

Háskólinn á Akureyri

Bakgrunnur

Skólar án aðgreiningar hafa verið í umræðunni í íslensku skólaumhverfi í um fjörutíu ár. Engin kerfisbundin aðferð hefur verið formlega innleidd en þó er sagt að íslenskir skólar séu án aðgreiningar. Samkvæmt Hagstofu Íslands er um fjórðungur af skólabörnum með greiningar vegna sérþarfa. Tilgangur rannsóknarinnar er að öðlast skilning á reynslu fyrrum nemenda við sérskóla og hvernig nemendur með sérþarfir komast af í skólaumhverfi sem er án aðgreiningar.

Aðferð

Rannsóknin er tilviksathugun þar sem skoðað er sérstakt úræði fyrir nemendur með alvarlegan hegðunarvanda og einnig möguleikar nemenda með sérþarfir til að ná árangri innan hins hefðbundna skólakerfisins. Upplýsingaöflun er lokið en hún stóð yfir í eitt ár. Notaðar eru eigindlegar aðferðir og tekin viðtöl við tíu fyrrum nemendur sérskólans. Þátttakendur voru á aldrinum 20 – 24 ára. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð orðrétt. Í gagnagreiningu er stuðst við aðferðir grundaðrar kenningar og gögnin kóðuð og umbreytt í þemu.

Niðurstöður

Gagnagreining er enn í gangi, en fyrstu niðurstöður sýna að þegar þátttakendur líta til baka lýsa þeir reynslu sinni frá sérskólanum sem jákvæðri. Það þýddi samt ekki að það kostaði ekki blóð, svita og tár að ná farsælum árangri. Allir þátttakendur töldu að þeir væru ekki þar sem þau eru stödd í dag ef þau hefðu ekki farið í þennan sérskóla. Niðurstöður staðfesta mikilvægi þess að skólakerfið komi til móts við nemendur með sérþarfir á ólíkan máta. Gott samband milli kennara og nemenda, fjölbreytileiki í námsnálgunum og öflugur stuðningur við fjölskylduna er þar á meðal. Námsferli og niðurstöðurnar benda til að til þess að ferlið verði farsælt þarf umhverfi sem kallar fram jákvæð viðbrögð hjá nemendum. Þær breytingar sem verða hjá nemendum sjálfum er afleiðing af aðlögun á umhverfinu og því ekki eingöngu á ábyrgð nemendanna.

I - C

Upplifun og handleiðsla

Elín Ebba Ásmundsdóttir^{1,2} og Sylviane Lecoultre²

Háskólinn á Akureyri¹ og Hlutverkasetur²

Bakgrunnur

Í námi í iðjubjálfun eru tengsl iðju og heilsu greind frá ýmsum sjónarhornum á fræðilegum forsendum. Í náminu gefst lítil tími til beinnar þátttöku t.d. í skapandi iðju. Ýmsar spurningar vakna hjá iðjubjálfum þegar á vettvang er komið.

Aðferð

Fyrri hluti vinnusmiðjunnar byggir á beinni þátttöku í iðju sem tengist sköpun með ólíkum aðferðum. Í síðari hluta smiðjunnar verða upplifanir skoðaðar út frá sjónarhorni faghandleiðslu.

Útkoma

Þátttaka í vinnusmiðjunni hentar vel þeim iðjubjálfum sem hafa áhuga á að skoða óhefðbundnar leiðir betur sem tengjast skapandi iðju til að auka færni í starfi, nýta sjálfan sig betur sem verkfæri, upplifa og fá hugmyndir um skapandi iðju. Hvernig er t.d. hægt að tengja fræðin betur við reynslu á vettvangi, auka sjálfstraust og hæfni í samskiptum.

I - D1

Að hugsa um eigin heilsu.

Félagslegt jafnrétti og heilbrigðisþjónusta í dreifbýli

Sonja Stelly Gústafsdóttir, Kristjana Fenger, Sigríður Halldórsdóttir og Þóroddur Bjarnason

Háskólinn á Akureyri

Bakgrunnur

Að hugsa um eigin heilsu er ein af mörgum athöfnum daglegs lífs innan og utan heimilis. Ísland er strjálbýlt land en samkvæmt íslenskum lögum á að ríkja félagslegt jafnrétti innan heilbrigðisþjónustunnar óháð búsetu. Markmið rannsóknarinnar var að meta breytingar á viðhorfum íbúa Fjallabyggðar til aðgengis að heilbrigðisþjónustu, fjölbreytileika hennar og gæða, í kjölfar niðurskurðar og hagræðingar sem efnahagshrun ársins 2008 krafðist og Héðinsfjarðargöngin gerðu möguleg.

Aðferð

Notuð var blönduð aðferð með umbreytingarsniði. Fyrst var gögnum safnað með spurningalistum (svarhlutfall 53% [N = 732] árið 2009 og 30% [N = 415] árið 2012), sem fylgt var eftir með tíu viðtölum (2009 og 2014). Niðurstöðurnar voru samþættar og túlkaðar innan vistfræðilíkans Bronfenbrenner sem snýr að gagnkvæmum áhrifum einstaklings og umhverfis.

Niðurstöður

Marktækt minni ánægja var með aðgengi og fjölbreytileika heilbrigðisþjónustunnar árið 2012 eftir sameiningu og niðurskurð í heilbrigðisþjónustunni. Grundvallaratriði fyrir líf á dreifbýlu svæði töldu íbúar vera góða heilsugæslu, góða umönnun aldraðra innan sveitafélagsins, eitthvert frelsi í vali á heilbrigðisþjónustu og áreiðanlega þjónustu í neyðartilvikum. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að bættar samgöngur hafi átt þátt í jákvæðri þróun í heilbrigðisþjónustu Fjallabyggðar og aukið jöfnuð og mannréttindi íbúanna en að niðurskurður ríkisins til heilbrigðismála hafi haft neikvæð áhrif á viðhorf þeirra. Til að gera öllu fólki jafn mögulegt að hugsa um eigin heilsu og til að uppfylla lög og alþjóðasamþykktir er mikilvægt að kanna frekar margþætt áhrif niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu á þjónustuþega og umhverfi þeirra.

I - D2

“Þetta er ekkert líf”

Daglegt líf hælisleitenda, tækifæri, þátttaka, heilsa og velsæld

Lilja Ingvarsson

Skjól hjúkrunarheimili

Bakgrunnur

Sífelld fleiri sækja um hæli á Íslandi en málsmeðferðartími er allt að þrjú ár. Á biðtíma er algengt að þátttaka í mikilvægri iðju sé takmörkuð. Markmið rannsóknarinnar var að öðlast skilning á reynslu og upplifun hælisleitenda á þessum tíma. Áhersla var lögð á daglega iðju, tækifæri til þátttöku í iðju og áhrif þess á heilsu og velsæld að bíða í óvissu.

Aðferð

Ellefu opin viðtöl voru tekin við 9 þátttakendur, þar af 6 hælisleitendur. Aðferðum grundaðra kenninga í anda mótunarhyggju var beitt við úrvinnslu gagna.

Niðurstöður

Fjögur megin þemu komu í ljós, sem lýstu reynslu hælisleitenda og búsetu, tækifærum til þátttöku, upplifun valdleysis og framtíðarsýn. Daglegt líf einkenndist af fáum tækifærum til þátttöku í mikilvægri iðju. Mikið álag fylgdi löngum málsmeðferðartíma. Það var íþyngjandi að hafa ekki stjórn á eigin lífi, hvorki búsetu, tekjum né tækifærum til atvinnuþátttöku eða sjálfboðavinnu. Þessu fylgdi upplifun valdleysis sem hafði neikvæð áhrif á heilsu og velsæld hælisleitenda. Niðurstöður benda til þess að mikilvægt sé að stytta málsmeðferðartíma hælisumsókna til að koma í veg fyrir heilsuspillandi áhrif af völdum langs biðtíma í óvissu. Einnig þarf að gefa gaum að búsetu hælisleitenda og stuðla að tækifærum til þátttöku í iðju við hæfi, m.a. atvinnu. Þessi rannsókn eykur þekkingu á málefnum flóttamanna og hælisleitenda. Niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að hafa tækifæri til að stunda mikilvæga iðju og með því stuðla að góðri heilsu og velsæld.

I - D3

Samstarf flóttafólks og iðjuþjálfra

Kristín Sóley Sigursveinsdóttir

Akureyrarbær og Háskólinn á Akureyri

Bakgrunnur

Stríð hefur nú staðið í Sírylandi í fimm ár og milljónir Sírylendinga hafa hrakist á flótta ýmist innan eða utan Sírylands. Vaxandi þrýstingur er á Evrópulönd að taka á móti flóttafólkinu. Íslenska ríkið ákvað að bregðast við og fyrsti hópur sírylensks flóttafólks kom til landsins í upphafi árs. Til Akureyrar komu 23 einstaklingar í fjórum fjölskyldum. Móttökufélagið er samstarfsverkefni Akureyrarbæjar og Rauða krossins. Bærinn réð iðjuþjálfra í starf verkefnastjóra móttöku flóttafólksins.

Aðferð

Við móttöku flóttafólks er margs að gæta og ástæða til að læra af þeirri reynslu sem skapast hefur í svipuðum verkefnum innan lands og utan. Verkefnisstjóri er í aðstöðu til að hafa áhrif á hvaða hugmyndafræði og vinnuaðferðir leiða verkefnið. Í fyrirlestrinum er fjallað um hvernig sýn og þekking iðjuþjálfra getur nýst við verkefnisstjórn af þessu tagi, bæði í samstarfi við aðra sem koma að móttökunni og flóttafólkið sjálft. Einnig er sagt frá hugmyndum um rannsóknir sem tengjast þessu verkefni.

Staða

Verkefnið er á byrjunarstigi og rannsóknirnar sömuleiðis. Vonast er til að nýta megi afraksturinn til að byggja upp þekkingu og reynslu sem nýtist við sambærileg verkefni í framtíðinni.

II - A1

Valdefling og notendasamráð

Dagný Þóra Baldursdóttir, Ólafur Örn Torfason og Pálína Sigrún Halldórsdóttir Akureyrarbær

Bakgrunnur

„Að efla og styrkja valdeflingu og notendasamráð í þjónustu við fatlað fólk“ er heiti á samstarfsverkefni sem hófst árið 2014. Velferðarráðuneytið gerði samning við Búsetudeild Akureyrarbæjar og Sveitarfélagið Árborg um innleiðingu á hugmyndafræði valdeflingar og átti innleiðingin að ná bæði til íbúa og starfsfólks. Búsetudeild Akureyrar sá um að innleiða hugmyndafræðina í þjónustu við fólk með geðröskun sem býr í sjálfstæðri búsetu. Innleiðing valdeflingar er hluti af langtímaáætlun Búsetudeildar til tíu ára og nær til allra þjónustueininga deildarinnar.

Aðferð

Þriggja manna vinnuhópur fagfólks mótaði hugmyndir að verklagi og leiðum til að innleiða hugmyndafræði valdeflingar í búsetuþjónustu við fólk með geðröskun. Vinnuhópurinn útbjó fræðsluefni sem miðað var að þörfum starfsfólks og notenda. Markvisst var unnið að því að starfsfólk og notendur störfuðu á jafningjagrunni. Leitað var leiða til efla samvinnu milli notenda og starfsfólks, nýta styrkleika starfsmanna og dreifa ábyrgðinni. Unnin var skýrsla um verkefnið sem inniheldur niðurstöður þekkingarkönnunar og fræðsluefni. Einnig var haldin fræðslukynning um hugmyndafræði valdeflingar fyrir alla starfsmenn Búsetudeildar.

Staða

Niðurstöður könnunar í upphafi og við lok verkefnisins gefa til kynna að þekking á valdeflingu hafi aukist bæði hjá notendum og starfsfólki. Ávinningurinn er sá að þeir sem hafa tileinkað sér hugmyndafræði valdeflingar eru sjálfstæðari í ákvörðunartöku og hafa meira vald og frumkvæði í verkefnum sem þeir þurfa að takast á við. Þeir eiga auðveldara með að þekkja réttindi sín og koma reynslu sinni á framfæri sem stuðlar að betri geðheilbrigðisþjónustu, auknum mannréttindum og minni fordómum. Innleiðing valdeflingar á öllum þjónustueiningum Búsetudeildar er hafin. Stofnaður var vinnuhópur sem í eru talsmenn allra þjónustueininganna. Fundað er mánaðarlega, efni miðlað, ígrundað og unnið úr því fyrir hverja einingu fyrir sig. Talsmennirnir munu fræða starfsfólk og notendur sinna eininga. Hópurinn mun standa fyrir fræðslu fyrir allt starfsfólk Búsetudeildar í lok janúar 2016.

II - A2

Hlutverkasetur

Þar sem iðjuhjartað slær

Elín Ebba Ásmundsdóttir**Háskólinn á Akureyri og Hlutverkasetur**

Bakgrunnur

Hlutverkasetur var stofnað fyrir 10 árum. Hlutverkasetur er virkni og starfsendurhæfingar-miðstöð. Fólk kemur á eigin forsendum og getur valið hverju það tekur þátt í. Yfir 200 einstaklingar stunda reglulega staðinn á ári hverju. Starfsemin byggir á iðjuvísindum, valdeflingu og mannréttindum. Stærsti hluti þátttakenda kljáist við geðræn vandamál. Konur eru aðeins fleiri en karlar, aldursdreifing er jöfn 18 – 60 ára og um 11% eru af erlendum uppruna.

Aðferð

Mörg nýsköpunarverkefni hafa verið þróuð í starfseminni s.s.: Notandi spyr notanda rannsóknarnálgun, unglínganámskeið fyrir börn sem búa við erfiðar aðstæður, athöfn sálar, leiklistarnálgun; útrás, geðsjúkir á vinnumarkaðinn, mömmuleikni, tengslaeflandi nálgun, Húmor - geðveikt leikhús, FC sækó og geðveikur fótboldi. Mat á árangri er ríkur þáttur í starfseminni og gert í gegnum símakannanir, þátttökuathuganir, reynslusögur, rýnihópa og eigindleg viðtöl. Árangursmatið er gert af nemum í vettvangsnámi eða NsN starfsmönnum þar sem m.a. hefur verið spurt um ávinning af þátttöku.

Niðurstöður

Enginn einn tiltekinn þáttur skýrir hvers vegna fólk sækir staðinn, en margir samverkandi þættir hafa áhrif, s.s. samspil starfsfólks og notenda, umhverfið og sú iðja sem er í boði. Árangurinn felst einna helst í því að hafa möguleika á að rjúfa einangrun, jafningjastuðningi, að tilheyra samfélagi, öðlast tilgang, framlagi notenda, móttækileika fyrir nýjum hugmyndum og afslöppuðu og opnu viðmóti.

II - A3

Útrás

Atvinnuþátttaka

Elín Ebba Ásmundsdóttir^{1,2} og Sylviane Lecoultre²

Háskólinn á Akureyri¹ og Hlutverkasetur²

Bakgrunnur

Mörg góð úrræði fyrirfinnast nú til að aðstoða fólk við að fóta sig á ný á vinnumarkaði. Markhópur Útrásar er aðallega einstaklingar með langvinnar geðrænar raskanir sem hafa nýtt sér hefðbundin úrræði og búið er að afskrifa af vinnumarkaði. Markmið Útrásar verkefnisins er m.a. að tengjast fyrirtækjum, skapa hlutastörf og semja við opinber og einkafyrirtæki um atvinnuþátttöku.

Aðferð

Litið er á vinnustaðinn, samstarfsfólkið og vinnuveitandann sem skjólstaðinga. Frá 2013 – 2015 hefur verið haft samband við yfir 70 fyrirtæki og stofnanir. Til að kynna verkefnið voru útbúin 3ja-4ra mínútna kynningarmyndbönd ætluð atvinnurekendum og samstarfsfólki.

Staða

Einstaklingar sem leitað hafa eftir þátttöku hafa verið þrenns konar; öryrkjar, ungt fólk á endurhæfingarlífeyri og fólk eldra en fimmtugt. Óskir þessara atvinnuleitanda snúa oftast að þáttum sem tengjast heilsu. Atvinnurekendur og samstarfsfólk óska einna helst eftir fræðslu og/eða upplýsingum sem tengjast fordómum s.s ranghugmyndum um geðræn veikindi, efasemdum um úthald, og/eða sveigjanlegum vinnutíma. Frá upphafi verkefnisins hafa 137 einstaklingar leitað eftir aðstoð og um 40% eru komnir í vinnu. Aðrir voru að leita eftir ráðgjöf, eru hættir eða höfðu óraunhæfar væntingar til vinnu. Að 40% sem leitað hafa í verkefnið skuli vera komin í vinnu sýnir að vandinn liggur ekki hjá einstaklingnum sjálfum heldur geta hindranir legið í umhverfispáttum eins og tækifærum til að byrja smátt, fordómum, mismunum, skorti á hlutastörfum og eftirfylgd. Rannsóknir mismunandi faggreina sem starfa í málaflokknum þarf að samræma, en uppbygging háskólasamfélagsins getur verið hindrun ef áherslurnar tengjast faggreinum í stað þess að hafa að leiðarljósi hvað skili sér best til samfélagsins í heild. Skipulag, hefðir og venjur innan mennta-, heilbrigðis- eða tryggingakerfisins þarfnast endurskoðunar, sem og mismunandi réttindi og kröfur sem gerðar eru til fólks með skerta starfshæfni.

II - B1

Þróun Mats á eigin iðju (OSA) á Íslandi

Margrét Sigurðardóttir¹, Sigríður Jónsdóttir¹ og Guðrún Pálmadóttir²

Reykjalundur¹ og Háskólinn á Akureyri²

Bakgrunnur

Þegar nota á matstæki á Íslandi sem upprunið er á öðru menningarsvæði er nauðsynlegt að vanda til þýðingar, rannsaka próffræðilega eiginleika og tryggja að það gefi sambærilegar niðurstöður og upprunalega útgáfan. Eitt þeirra matstækja iðjuþjálfna sem er í slíku ferli er Occupational Self Assessment (OSA), eða Mat á eigin iðju, en það var þróað í Bandaríkjunum út frá Líkaninu um iðju mannsins.

Aðferð

Árið 2004 var fengið þýðingarleyfi frá Gary Kielhofner og matstækið þýtt á íslensku. Þýðingin var rannsökuð með því að leggja það fyrir skjólstæðinga og notagildi kannað bæði hjá skjólstæðingum og iðjuþjálfum. Niðurstöðurnar lofuðu góðu en matstækið var ennþá í þróun erlendis og nýjasta viðbótin kom árið 2006. Það voru lykjar sem gerðu mögulegt að skoða breytingar frá einum tíma til annars og nota matstækið í hóprannsóknnum. Árið 2007 voru íslensku rannsóknarniðurstöðurnar Rasch-greindar og bornar saman við gögnin sem lyklarnir voru þróaðir út frá. Íslensku niðurstöður voru ekki fyllilega sambærilegar en leyfi var samt fengið til að nýta lykjana með fyrirvara. Matstækið var notað áfram og þótti nýttast vel í vinnu með skjólstæðingum á flestum sviðum iðjuþjálfunar en þróunarvinnu þess var ekki lokið. Við svo búíð mátti ekki standa og árið 2012 hófst samstarf við HA með því markmiði að auka gæði og réttmæti Mats á eigin iðju svo hægt yrði að nýta það til fulls sem árangursmat.

Staða

Þýðingin var endurbætt og nýtt rannsóknarferli hófst. Nýja þýðingin var prófuð og lagfærð í samvinnu við skjólstæðinga og iðjuþjálfna. Endanleg þýðing var svo lögð fyrir 120 skjólstæðinga á Reykjalundi. Fyrstu niðurstöður sýna að flestir skjólstæðingar eiga auðvelt með að svara spurningunum, skilja þær og álíta að atriði matstækisins endurspegli vel daglegt líf. Þátttakendur virtust þó svara á annan hátt heldur en gert er ráð fyrir í handbókinni. Nú er verið kanna íslenska svarmynstrið nánar og bíða niðurstöðurnar Rasch-greiningar.

II - B2

Mat á færni og fötlun

Þróun íslenskrar útgáfu af WHODAS 2.0 matstækinu

Hafdís Hrönn Pétursdóttir¹, Guðrún Pálmadóttir² og Ragnheiður Harpa Arnardóttir^{1,2}

Sjúkrahúsið á Akureyri¹ og Háskólinn á Akureyri²

Bakgrunnur

Undanfarinn áratug hefur orðið veruleg áherslubreyting í allri endurhæfingarpjónustu og munar þar mestu um tilkomu Alþjóðlega flokkunarkerfisins um færni, fötlun og heilsu, eða ICF. Breytt hugmyndafræði með þverfaglegri áherslu kallar á ný verkfæri til að nota í þjónustu við skjólstaðinga. WHODAS 2.0 er sjálfsmatstæki sem mælir færni og fötlun í takt við ICF og er þróað á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Það hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál og er notað bæði í starfi og rannsóknum. Tilgangur rannsóknarinnar sem hér um ræðir er að kanna próffræðilega eiginleika íslenskrar þýðingar á matstækinu.

Aðferð

Matstækið varþýtt yfir á íslensku eftir leiðbeiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um þýðingu og bakþýðingu og í framhaldinu lagt fyrir í rýnihópi einstaklinga í endurhæfingu. Gögnum verður safnað með tveimur úrtökum með u.þ.b. 100 einstaklingum í hvoru úrtaki. Annar hópurinn eru einstaklingar sem eru að hefja endurhæfingu og verður WHODAS 2.0 lagt fyrir þá ásamt SF-36 lífsgæðakvarðanum. Hinn hópurinn eru einstaklingar í viðhaldsþjálfun og svara þeir WHODAS 2.0 tvisvar sinnum. Til samans fást upplýsingar um innri áreiðanleika, áreiðanleika endurtekinnna mælinga og samtímaréttmæti. Auk þess er safnað bakgrunnsupplýsingum um alla þátttakendur.

Staða

Þýðingu matstækisins er nú lokið og gagnasöfnun er hafin. Með íslenskri útgáfu WHODAS-2 verður til áreiðanlegt og réttmætt matstæki til að mæla færni fólks og túlka hana í takt við áherslur ICF. Rannsóknin verður framlag til endurhæfingarpjónustu og rannsókna á endurhæfingu á Íslandi. Réttmæt og áreiðanleg útgáfa af WHODAS-2.0 opnar auk þess möguleika á þátttöku Íslands í alþjóðlegum endurhæfingarrannsóknum.

II - B3

Skjólstæðingsmiðuð endurhæfing

Guðrún Pálmadóttir og Sólrún Óladóttir

Háskólinn á Akureyri

Bakgrunnur

Í takt við umræðu um almenn mannréttindi og jafnræði í nútíma samfélögum er vaxandi áhersla á aðkomu og þátttöku notenda í velferðarþjónustu. Þetta á ekki síst við í þverfaglegri endurhæfingu sem miðar að því að auka sjálfræði og lífsgæði fólks. Megininntak skjólstæðingsmiðrar endurhæfingar er gagnkvæm virðing, samstarf og deiling valds þar sem fagfólkið hvetur til þátttöku skjólstæðinga í öllu þjónustuferlinu. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða að hvaða marki reynsla notenda af þverfaglegri endurhæfingu er í samræmi við meginhugmyndir fræðimanna og rannsakenda um skjólstæðingsmiðaða þjónustu.

Aðferð

Gögnum var safnað með spurningalistanum „Skjólstæðingsmiðuð endurhæfing“ sem hafði áður verið þýddur og staðfærður í samstarfi við notendur. Rúmlega 500 manns sem voru að ljúka endurhæfingartímabili á sérhæfðri stofnun svöruðu listanum. Auk þess var safnað upplýsingum um bakgrunn þátttakenda og aðkomu ólíkra fagstétta að endurhæfingunni. Lýsandi tölfraði og ályktunartölfraði var beitt við úrvinnslu gagnanna.

Niðurstöður

Í heildina séð var reynsla þátttakenda í allgóðu samræmi við hugmyndir fræðimanna um skjólstæðingsmiðaða þjónustu. Þetta var þó mismunandi fyrir ólíka þjónustuþætti og tölfraðilega marktækur munur milli meðaltalsgilda á undirvörðum listans. Hæsta gildið var fyrir þáttinn „Viðhorf og stuðningur“ og það lægsta fyrir „Samskipti við aðstandendur“. Þá var meðaltalið fyrir þáttinn „Fræðsla og upplýsingagjöf“ einnig tiltölulega lágt. Niðurstöður benda til þess að auðveldara sé að útfæra suma þætti skjólstæðingsmiðaðrar endurhæfingar en aðra. Mikilvægt er að fagfólk ígrundi þessa þætti sérstaklega og einbeiti sér að eflingu þeirra í samstarfi við notendur. Frekari rannsókn er þörf til að kanna hvaða ytri og innri þættir draga úr möguleikunum fagfólks og skjólstæðinga til samstarfs sem byggir á sönnu jafnræði og bandalagi.

II - C

Lífsgæði, þátttaka og umhverfi getumikilla barna með einhverfu

Snæfríður Þóra Egilson¹, Linda Björk Ólafsdóttir¹ og Gunnhildur Jakobsdóttir²
Háskóli Íslands¹ og Landspítali²

Bakgrunnur

Rannsóknin beindist annars vegar að upplifun 8-17 ára getumikilla barna með og án einhverfu á lífsgæðum sínum og hins vegar að því hvernig foreldrar þeirra meta lífsgæði og þátttöku barnanna í mismunandi umhverfi. Í vinnusmiðjunni er greint frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Þátttakendur fá jafnframt tækifæri til að ígrunda megin hugtök og niðurstöður, og ræða hugsanlegt gildi rannsóknarinnar fyrir störf iðjuþjálfra.

Aðferð

Foreldrum barna úr skráum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins var boðin þátttaka. Í samanburðarhóp var dregið parað slembiúrtak úr þjóðskrá. Tveir matslistar voru notaðir; annars vegar KIDSCREEN-27 sem beinist að lífsgæðum barnanna, bæði að mati þeirra sjálfra og foreldra þeirra, og hins vegar *Participation and Environment Measure – Children and Youth* (PEM-CY) sem beinist að mati foreldra á þátttöku og umhverfi barnanna. Alls svöruðu 96 börn með einhverfu, 211 börn í samanburðarhópi og foreldrar þeirra lífsgæðalistanum. Það voru svo 99 foreldrar barna með einhverfu og 241 foreldri í samanburðarhóp sem lagði mat sitt á þátttöku og umhverfi barnanna. Notað var lýsandi samanburðarþversnið, niðurstöður voru skoðaðar með marktektarprófum og áhrifastærðir reiknaðar þegar munur reyndist á milli hópanna.

Niðurstöður

Börn með einhverfu voru almennt sátt við lífsgæði sín en töldu þau þó minni en fram kom meðal jafnaldra í samanburðarhópi. Foreldrar barna með einhverfu upplifðu lífsgæði barna sinna umtalsvert minni en börnin gerðu sjálf. Þeir töldu einnig þátttöku barnanna heima fyrir, í skólanum og úti í samfélaginu minni en meðal jafnaldra, sér í lagi hlutdeild barnanna við mismunandi athafnir. Jafnframt töldu foreldrar marga þætti í umhverfinu styðja takmarkað við eða beinlínis torvelda þátttöku barna sinna. Niðurstöður rannsóknarinnar endurspeglu tengslin milli lífsgæða, þátttöku og umhverfis og varpa ljósi á þætti sem huga þarf sérstaklega að til að stuðla að þátttöku og velsæld barna með einhverfu á ólíkum vettvangi.

III - A1

Iðjuþjálfun og jákvæð sálfræði „Með auga þínu allt í heimi ásýnd fær“

Gunnhildur Gísladóttir

Reykjalundur

Bakgrunnur

Jákvæð sálfræði er fræðigrein sem byggir á rannsóknum tengdum hamingju, styrkleikum, þrautseigju og á því góða samleið með iðjuþjálfun. Skoðað var lífshlaup einnar konu í þeim tilgangi að greina hvernig persónubundinn styrkur og iðja nýtast til að takast á við góða og slæma atburði á lífsleiðinni.

Aðferð

Notaður var síðari hluti matstækisins OPHI-II – Lífssagan – þar sem einstaklingurinn er beðinn um að teikna inn á myndrit afdrifaríka atburði í lífi sínu, bæði góða og slæma. Einnig var notað VIA-IS styrkleikaprófið sem byggt er á flokkun Seligmans og Petersons.

Viðtal var tekið við konuna sem hafði upplifað ótrúlega margt á ævi sinni. Meðal annars var hún hætt komin sem barn, missti ungt barn úr krabbameini, annað barn slasast illa, eiginmaður slasaðist lífshættulega, hún missti allt sitt í náttúruhamförum og maður hennar varð bráðkvaddur fyrir tveimur árum. Samt heldur hún lífsneistanum og gefur af sér til annarra.

Niðurstöður

Mesti styrkur konunnar birtist sem kærleikur, þakklæti, húnor, sjálfstjórn, ást og staðfesta. Iðjan sem hún leitaði í var aðallega handavinna og heimilisverk en einnig launuð störf, umönnun og sjálfboðaliðastörf. Til að varpa skýrara ljósi á niðurstöðurnar verður sýnt myndband með frásögn konunnar.

III - A2

Er þetta svengd? Breytt nálgun að bættu mataræði

Petrea Guðný Sigurðardóttir

Sjúkrahúsið á Akureyri

Bakgrunnur

Í því allsnægta umhverfi sem við búum í og þar sem stöðugt er otað að okkur nýjum leiðum til megrunar hefur skapast þörf fyrir nálgun sem er í senn einstaklingsmiðuð og öfgalaus. Slík þörf endurspeglast ekki hvað síst í erlendum samantektarrannsóknum sem sýnt hafa fram á mjög takmarkaðan árangur meðferða með þyngdartap að meginmarkmiði, einkum til lengri tíma litið. Nýjar aðferðir hafa verið þróaðar sem svar við fyrrgreindum niðurstöðum. Kristnesspítali hefur í rúm 10 ár boðið upp á þjónustu í svokölluðum lífsstílshópum og sem leið að bættri þjónustu hefur verið innleitt námskeið þróað er af dr. Michelle May sem kallast Am I Hungry?® á frummálinu. „Er þetta svengd?“ aðferðin er gagnlegt og aðgengilegt verkæri í vinnu með þeim sem þarfnast þess að bæta lífsstíl sinn. Í eðli sínu er hún valdeflandi og þörf tilbreyting frá „tuggunni“ um að borða minna og hreyfa sig meira.

Aðferð

Námskeiðið byggir á núvitund og heilsu óháð holdafari. Hugmyndafræðin er sett fram sem hringrás þar sem um er að ræða sex ákvörðunarstaði meðvitað áts. Markmiðið er að hjálpa fólki að kortleggja matarvenjur sínar og leiðbeina í átt að heilbrigðara mataræði í litlum skrefum. Námskeiðið er átta vinnusmiðjur í formi fyrirlestra, umræðna, sjálfsskoðunar og verklegra æfinga. Þátttakendur öðlast innsýn í mataravenjur sínar með hliðsjón af sex eftirtöldum spurningum: Hvers vegna borða ég; hvenær langar mig að borða; hvað, hvernig og hversu mikið borða ég og hvert beini ég orkunni?

Staða

Námskeiðið var kynnt starfsfólki Kristnesspítala í júní 2014 við góðar undirtektir. Það var fyrst kennt í nóvember 2014 og hafa 38 skjólstæðingar á Kristnesspítala lokið því. Gagnsemi námskeiðsins hefur enn ekki verið metin með formlegum hætti, en þátttakendur hafa tjáð almenna ánægju með námskeiðið og hafa nýtt sér efni þess að því loknu.

III - A3

Endurhæfing við athafnir dagslegs lífs

Tilraunaverkefni

Ásbjörg Magnúsdóttir

Reykjavíkurborg

Bakgrunnur

Í september 2015 var farið að vinna með tilraunverkefni tengt samþættingu innan heimaþjónustu Reykjavíkur og fékk heitið endurhæfing við athafnir daglegs lífs. Verkefnið var unnið að fyrirmynd danska verkefnisins „Længst muligt í eget liv“. Markmiðið var að þróa kerfi fyrir sveitarfélög og ríki sem gerðu þeim mögulegt að horfa í frekari mæli til endurhæfingar og forvarnar í heimahúsi. Í verkefninu var lögð áhersla á þátttöku aldraðra í stað hefðbundinnar kostnaðarsamar þjónustu þar sem hin aldraði er vanvirkur þiggjandi. Vonast var til að verkefnið skilaði hagræðingu og efldi jafnframt lífsgæði þeirra sem tóku þátt í því.

Aðferð

Stofnað var endurhæfingarteymi sem samanstóð af iðjuþjálfara, sjúkraþjálfara, hjúkrunarfræðingi, sjúkraliðum og félagsliðum. Nýjar beiðnir um heimaþjónustu voru metnar og ákveðið hvort viðkomandi skjólstæðingur ætti erindi í endurhæfingarteymi. Iðjuþjálfari lagði fyrir COPM í fyrsta viðtali, sett voru markmið og unnið út frá þeim. Skjólstæðingur og starfsmaður skrifuðu undir sameiginlegan samning þar sem markmiðin voru sett fram og aðferðir við að ná þeim. Fundað var tvisvar í viku með endurhæfingarteyminu og farið yfir stöðu hvers og eins. Endurmat var eftir 4-6 vikur hjá hverjum skjólstæðingi.

Útkoma / Niðurstöður / Staða

Tilraunverkefnið stóð yfir í 6 mánuði og voru niðurstöður þannig að 37% einstaklinga sem fóru í verkefnið voru útskrifaðir sjálfbjarga, 39% fóru í minni þjónustu en þeir voru með áður og 24% fóru í samskonar þjónustu og áður. Þessar niðurstöður eru sambærilegar og í Danmörku. Hins vegar var ekki haldið áfram með verkefnið þó að áhuginn hafi verið mikill en umræður um framhald eru hins vegar á ennþá í gangi.

III - B1

Hlutverkalistinn 2

Rannsókn á verklagsreglum við þýðingu og staðfærslu matstækisins

Kristjana Fenger¹ og Margrét Sigurðardóttir²

Háskólinn á Akureyri¹ og Reykjalundur²

Bakgrunnur

Aðferðir við þýðingar matstækja eru margvíslegar, sumum matstækjum fylgja nákvæmar leiðbeiningar um þýðingu en öðrum ekki. Hlutverkalistinn (e. Role Checklist) er sjálfsmatslisti, hannaður í Bandaríkjunum af Oakley og félögum árið 1986 til að meta virkni í 10 hlutverkum og gildi þeirra. Scott bætti mati á frammistöðu við listann 2015 og skóp þá aðra útgáfu matstækisins. Fyrri útgáfa listans hefur í gegnum tíðina verið þýdd á mörg tungumál með ólíkum aðferðum. Einungis fimm þessara þýðinga eru sannarlega áreiðanlegar og réttmætar. Til að auka samræmi listans milli tungumálasvæða hannaði alþjóðlegur hópur iðjubjálfa verklagsreglur fyrir þýðendur matstækisins. Verklagsreglurnar fela í sér: (1) grundvallaratriði við þýðinguna, (2) lýsingu á þýðingarferlinu og (3) prófun á þýddri útgáfu matstækisins. Markmið rannsóknarinnar sem hér um ræðir var tvíþætt. Í fyrsta lagi að prófa, gagnrýna og koma með tillögur að endurbótum á verklagsreglunum og í öðru lagi að kanna sýndar- og innihaldsréttmæti íslensku útgáfunnar.

Aðferð

Verklagsreglum var fylgt nákvæmlega. Spurningum og ábendingum vegna vafaatriða s.s. óskýrleika í texta var beint til forsvarsmanna alþjóðlega hópsins bæði í tölvupósti og á Skype fundum. Auk rannsakenda sem m.a. þýddu matstækið komu fleiri íslenskir iðjubjálfar að rannsóknarferlinu. Einn tók þátt í bakþýðingu, sex í sérfræðihópi og fimm iðjubjálfar lögðu listann fyrir 25 skjólstaðinga og svöruðu báðir hópar spurningum í kjölfar fyriragnar. Rannsóknargögn innihéldu fundargerðir, tölvupósta og svör við spurningum. Rannsóknin var eigindleg og var innihaldsgreiningu beitt.

Niðurstöður

Í ljós kom að skýra þurfti öll þrep verklagsreglnanna og bæta við skýringarmynd. Sýndar- og innihaldsréttmæti íslensku útgáfunnar var gott. Samhliða rannsókn fór fram í Kína og mun útgáfa verklagsreglna við þýðingu á annarri útgáfu Hlutverkalistans á alþjóðavettvangi byggja á samþættum rannsóknarniðurstöðum beggja landa. Samræmt þýðingarferli á heimsvísu ýtir undir réttmætara og áreiðanlegra matstæki og eykur möguleika á rannsóknarsamstarfi milli landa.

III - B2

Farsæld og frelsi

Reynsla hjóna af starfslokum

Olga Ásrún Stefánsdóttir**Háskólinn á Akureyri****Bakgrunnur**

Rannsóknir sýna að starfslok marka þáttaskil í lífi fólks og hafa í för með sér breytingar af ýmsum toga. Áhrif starfsloka á hjón og hjónaband hafa lítið verið rannsökuð enn sem komið er. Lýðfræðilegir þættir hafa fengið meiri athygli svo sem heilsufar, fjármál, hjúskaparstaða og hreyfing. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða upplifun og reynslu hjóna af starfslokum og áhrifum starfslokanna á hjónabandið. Í þjónustuúrræðum fyrir aldraða er í flestum tilvikum mikið lagt upp úr einstaklingsmiðaðri þjónustu. Oft er ekki síður þörf fyrir heildræna þjónustu þar sem horft er á einstaklinginn í víðara samhengi og tekið mið af þeim aðstæðum sem hann býr við t.d. hvað varðar tengsl hans við fjölskyldu, vini og samfélag.

Aðferð

Valin var eigindleg rannsóknaraðferð Vancouver-skólans í fyrirbærafræði. Tekin voru viðtöl við fimm hjón á aldrinum 67-75 ára sem hætt voru störfum á vinnumarkaði og að lágmarki voru tvö ár liðin frá starfslokum þeirra beggja. Viðtölin voru tekin við hjónin í sitt hvoru lagi. Þátttakendur voru fundnir með tilgangsrúrtaki í samstarfi við starfsmenn í félagsmiðstöðvum eldri borgara á Akureyri og við Félag eldri borgara á Akureyri.

Niðurstöður

Meginniðurstaða rannsóknarinnar bendir til að starfslok hjóna séu ekki sameiginleg eintóna vegferð heldur samleið tveggja ólíkra einstaklinga í hjónabandi. Samspil einstaklinganna, undir áhrifum frá umhverfinu, leggur grunninn að farsæld og frelsi í hjónabandinu og ákvarðar þau lífsgæði sem hjónin búa við eftir starfslokin. Mikilvægt er að fagaðilar sem starfa með eldra fólki geri sér grein fyrir því að heildræn vinna með fjölskyldum getur haft mikið að segja varðandi lífsgæði hjá þeim einstaklingi sem þjónustan er veitt hverju sinni.

III - B3

Mat á þjónustupörf aldraðra

Eygló Daníelsdóttir

Heilbrigðisstofnun Austurlands

Bakgrunnur

Á Íslandi, líkt og öðrum Norðurlöndum, er víðtæk heilbrigðis- og félagsþjónusta en samt sem áður eru fjölskylda og vinir mikilvægur hlekkur í stuðningi og þjónustu við aldraða. Færni einstaklinga sem eru með sömu sjúkdómsgreiningu getur verið mjög ólík og þjónustupörf því mismikil. Þetta þarf að horfa á þegar verið er að undirbúa þjónustu aldraðra á eigin heimilum. Fljótsdalshérað er umfangsmesta sveitarfélag landsins en fjöldi aldraðra er hlutfallslega svipaður og á landinu öllu. Til að þjónustan verði sem skilvirkust þurfa fylltar og úppfylltar þjónustuparfir að vera ljósar þeim er hana skipuleggja.

Aðferð

Matstækið Camberwell Assessment of Need for the Elderly (CANE) er þróað til að meta þjónustupörf, endurmeta þjónustu og meta gæði þjónustu. Búið er að þýða það á mörg tungumál, þeirra á meðal er íslenska, og búið að forprófa þýðinguna. Hægt er að nota matstækið til að meta þarfir einstaklings frá sjónarhóli hans sjálfs, sjónarhóli starfsmanns sem veitir honum þjónustu og sjónarhóli einvers nákomins sem þekkir hann vel. Þarfirnar eru síðan flokkaðar í uppfylltar þarfir og úppfylltar.

Staða

Þar sem bæði er gert ráð fyrir sjálfsmati hins aldraða og mati annarra á stöðu hans er matstækið mikilvæg viðbót við þá lista sem notaðir hafa verið við mat á þjónustupörf hingað til. Matstækið er notað í meistararannsókn sem stendur nú yfir.

III - C1

Endurskoðun á námskrá í iðjuþjálfunarfræði

Bergljót Borg og Guðrún Pálmadóttir

Háskólinn á Akureyri

Bakgrunnur

Á næsta ári verða liðin 20 ár frá því að Háskólinn á Akureyri hóf að bjóða upp á nám í iðjuþjálfunarfræði. Ýmsar breytingar hafa átt sér stað á þessum tíma, bæði hvað varðar áherslur í faginu sjálfu en ekki síður í námsumhverfinu. Námskeið og námsefni hefur tekið mið af þróuninni en námsskráin sjálf og skipulag námsins hefur að mestu haldist óbreytt frá upphafi. Í ljósi þess hefur verið ákveðið að endurskoða námskrána í heild sinni og gera tillögur að breytingum á náminu. Markmiðið er að bæta gæði námsins og bregðast enn betur við kröfum nútímans þannig að námið verði áfram samkeppnisfært við nám í öðrum námsgreinum og nám í iðjuþjálfun erlendis. Að baki verkefninu liggur sú grunnhugmynd að fjölga námsleiðum í iðjuþjálfunarfræði og breyta núverandi námi úr fjögurra ára BS námi í svokallað 3+1 skipulag. Nemendur munu því geta útskrifast með BS gráðu eftir þrjú ár en þurfa að bæta við sig einu námsári á meistarastigi til að geta fengið starfsréttindi og leyfi til að kalla sig iðjuþjálfara.

Aðferð

Verkefnið er unnið af námsnefnd iðjuþjálfunarfræðideildar Háskólans á Akureyri. Það byggir á víðtækri gagnaöflun til að fanga viðhorf og væntingar nemenda, kennara og útskrifaðra iðjuþjálfara, auk íslenskra reglugerða, evrópskra gæðastaðla um háskólanám og viðmiðunarkröfur Heimssambands iðjuþjálfara um nám til starfsréttinda. Einnig var leitað í reynslu annarra námsleiða á Íslandi og háskóla á Norðurlöndunum. Þessar upplýsingar verða nýttar til að endurskoða lærdómsviðið námsins, uppröðun námskeiða og námskeiðslýsingar.

Staða

Hönnun nýrrar námskrár er hafin og verða drög að nýju skipulagi kynnt í erindinu. Áhersla er lögð á að efla kennslu um velferðarmál og heilsutengd viðfangsefni í upphafi námsins, samþætta betur mismunandi námskeið auk þess sem vægi mannréttindasjónarmiða og færni í þverfaglegri samvinnu verður aukið. Einnig verða gerðar breytingar á vettvangsnámi. Ef áætlanir ganga eftir hefst kennsla eftir nýrri námsskrá haustið 2017 á tuttugu ára afmæli iðjuþjálfunarfræðideildarinnar.

III - C2

Árangursrík leiðsögn í vettvangsnámi**Hvað eflir faglega færni nemenda?****Hólmódís Freyja Methúsalemsdóttir****Háskólinn á Akureyri og Æfingastöðin****Bakgrunnur**

Við menntun iðjuþjálfanema er vettvangsnám einn mikilvægasti hlekkurinn í því að tengja saman fræði og starf. Hlutverk leiðbeinenda er viðamikilið í þessu samhengi og mikilvægt fyrir háskólasamfélagið og framtíð iðjuþjálfastéttarinnar að hafa aðgang að góðum vettvangsnámsstöðum og leiðbeinendum. En er til uppskrift af góðum leiðbeinenda? Hvað er það sem skilar árangri og hvernig er best að hlúa að þeim eiginleikum í fari fagaðila? Fyrirhugaðar eru breytingar á námi iðjuþjálfna við Háskólann á Akureyri og mun vettvangsnámið fara í gegnum endurskoðun í því ferli. Mikilvægt er að undirbúa slíkar breytinga vel og kortleggja þörf leiðbeinenda fyrir stuðning og leiðsögn til eflingar í hlutverki sínu.

Aðferð

Með heimildasamantekt er reynt að varpa ljósi á þá þætti í fari leiðbeinenda sem taldir eru að hafi áhrif á nám iðjuþjálfanema, hvað geri þá að góðum fyrirmyndum í starfi og efli trú nema á eigin frammistöðu.

Niðurstöður

Niðurstöður gefa meðal annars til kynna að leiðsögn og færni leiðbeinenda í vettvangsnámi getur haft veruleg áhrif á fagþroska nemenda og störf þeirra síðar meir. Auk þess hefur verið bent á að leiðbeinendur þurfa að vera vakandi fyrir því að veita nemum mismunandi leiðsögn eftir því hvar þeir eru staddir í náminu, þar sem hlutverk leiðbeinenda þróast í þá átt að verða óbeint (hvatning, stuðningur, málamiðlun) eftir því sem færni nemans eykst og tengsl hans við skjólstæðinga styrkist.

III - C

Mat á eigin iðju (OSA)

Ný framsetning á niðurstöðum

Stefán E. Hafsteinsson og Margrét Sigurðardóttir

Reykjalundi

Bakgrunnur

Iðjubjálfar afla upplýsinga frá skjólstæðingum sínum til þess að greina vanda þeirra og komast að hvað skiptir þá máli. Auk þess leitast iðjubjálfar við að meta gagnsemi iðjubjálfunar og áhrif hennar á daglegt líf skjólstæðinga. Matstæki sem skjólstæðingar fylla út sjálfir ýta undir virka þátttöku þeirra í mats- og íhlutunarferlinu.

Mat á eigin iðju er sjálfsmatstæki byggt á Líkaninu um iðju mannsins. Annars vegar lætur matstækið í té upplýsingar um hvernig fólki gengur að fást við ýmis atriði sem tengjast daglegu lífi þess (færnikvarði) og hversu miklu máli atriðin skipta (gildiskvarði) og leggur þannig grunn að þjónustu iðjubjálfa. Hins vegar er því ætlað að mæla breytingu á færni og gildismati skjólstæðinga og þar með árangur af þjónustu. Matstækið var endurbýtt árið 2012 og próffræðilegir eiginleikar íslensku þýðingarinnar eru í rannsóknarferli.

Ekki tekur langan tíma að leggja matstækið fyrir en hingað til hefur úrvinnslan verið tímafrekari og hvorki verið auðvelt né aðgengilegt að bera saman niðurstöður upphafsmats og endurmats og greina frá þeim. Einnig hefur komið í ljós að úrvinnsla og framsetning á niðurstöðum er mjög mismunandi milli iðjubjálfa. Til þess að flýta fyrir úrvinnslu niðurstæðna og samræma framsetningu þeirra var hönnuð sjálfstæð viðbót við matstækið.

Aðferð

Hugbúnaðurinn Microsoft Excel er notaður til að skrá niðurstöður upphafsmats og endurmats ásamt þeim atriðum sem skjólstæðingur kýs að vinna með. Excel vinnur úr niðurstöðunum og birtast þær samstundis á sjónrænan hátt.

Staða

Fljótlegt er að skrá inn upplýsingar og prenta út niðurstöður matsins sem birtast á sérstöku eyðublaði þar sem borið er saman upphafsmat og endurmat með línuriti. Eyðublaðið má síðan nota til að ræða niðurstöður matsins við skjólstæðing og greina frá þeim í sjúkraskrá. OSA-viðbótin eykur notagildi Mats á eigin iðju með því að hvetja iðjubjálfa til að skrá niðurstöðurnar, deila þeim með skjólstæðingum og meta árangur þjónustunnar.

V1

Ljósíð

Lítill sproti sem vex og dafnar

**Erna Magnúsdóttir, Anna Sigríður Jónsdóttir, Guðbjörg Dóra Tryggvadóttir,
Guðný Katrín Einarsdóttir og Unnur María Þorvarðardóttir**

**Ljósíð - Endurhæfingar-og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og
aðstandendur þeirra**

Bakgrunnur

Hugmyndin að endurhæfingarmiðstöð fyrir krabbameinsgreindra og aðstandendur þeirra kviknaði fyrir rúmum áratug þegar Erna Magnúsdóttir starfaði við endurhæfingu krabbameinssjúkra í umhverfi bráðasjúkrahúss. Þörfin fyrir endurhæfingu í uppbyggilegu umhverfi utan sjúkrahússins jókst með bættri krabbameinsmeðferð og fjölgun þeirra sem lifðu af og snéru aftur til fyrri iðju. Líkanið um Iðju mannsins (MOHO) leggur grunn að þeirri viðamiklu þjónustu sem boðið er upp á í Ljósínu auk þess sem þekking annarra fagstétta fléttast inn í starfið. Áhersla er lögð á að stuðla að virkni og þátttöku einstaklingsins í hvetjandi og heimilislegu umhverfi.

Aðferð

Á undanförunum 10 árum hefur Ljósíð þróast frá því að vera grasrótarhreyfing sem byggðist á sjálfböðastarfi í að verða þverfagleg starfsemi fagfólks í ellefu stöðugildum. Auk þess eru allt að tíu verktakar að jafnaði að störfum auk gestafyrirlesara og sjálfböðaliða. Markviss þróunarvinna síðustu misseri hefur leitt af sér bætt skipulag og skilgreiningar á starfinu og þjónustunni verið skipt upp í brautir eftir mismunandi endurhæfingarþörfum fólks. Húsnæði starfseminnar hefur einnig tekið stakkaskiptum á undanförunum árum og aukinni fjölbreytni í þeim úrræðum sem í boði eru. Boðið er upp á stuðning og fræðslu fyrir alla fjölskylduna og allir notendur geta tekið þátt í fjölbreyttum virknitilboðum. Notendur koma að eigin frumkvæði með hvatningu frá aðstandendum, starfsfólki spítala, heilsugæslustöðva og fleirum.

Staða

Á 10 árum hefur lítill hugmyndasproti orðið að stóru tré. Ljósíð er eina miðstöð sinnar tegundar á Íslandi og mikil þekking og reynsla hefur skapast. Helsti vitnisburður um gagnsemi Ljóssins er hinn vaxandi fjöldi þeirra sem nýtir sér þjónustuna. Reynslan hefur sýnt að þjónusta Ljóssins hjálpar bæði þeim veika og fjölskyldu hans til að takast á við breyttar aðstæður. Gerðar hafa verið þjónustukannanir og samkvæmt þeim eru þjónustuþegar ánægðir með árangurinn og stuðning og aðkomu fagfólksins.

V1

Náms- og kynnisferð til Boston

Bára Sigurðardóttir, Steinunn B. Bjarnarson og Brynhildur Guðmundsdóttir
Reykjalundur

Bakgrunnur

Á Reykjalundi starfa 17 iðjuþjálfar og 4 aðstoðarmenn. Á haustdögum 2014 kom fram sú hugmynd að starfsmenn deildarinnar myndu sækja sér þekkingu út fyrir landsteinana. Tilgangurinn var að efla faglega þekkingu, auka víðsýni og styrkja starfsandann.

Aðferð

Markviss fjáröflun fór af stað þar sem allir starfsmenn lögðu sitt af mörkum til þess að safna fyrir ferðinni. Á einu ári náðu starfsmenn að safna fyrir ferðakostnaði og var farið til Boston í náms- og kynnisferð í október 2015. Tengiliður okkar í Boston var Karen Jacobs prófessor í iðjuþjálfun við Boston University. Hún aðstoðaði okkur við að komast í samband við áhugaverða endurhæfingarstaði í Boston. Eftirfarandi staðir voru heimsóttir: Spaulding Rehabilitation Hospital, Tufts Medical Center, Spaulding Outpatient Center, Boston University og einkarekin barnaiðjuþjálfun. Í Boston University tókum við þátt í málþinginu „Lead the way“ sem fjallaði um iðjuþjálfun og endurhæfingu á breiðu sviði.

Staða

Markmið ferðarinnar náðust þar sem fagleg þekking jókst, m.a. fengum við hugmyndir að breytingu á fræðsluefni tengt námskeiðunum Jafnvægi í daglegu lífi og Verkjaskóla. Það er verið að endurskoða innihald námskeiðanna og þau verkfæri sem skjólstæðingar fá í hendur. Einnig sáum við hvernig umhverfið var notað markvisst til þess að hvetja og leiðbeina og uppi eru hugmyndir um hvernig megi nýta það á okkar deild. Það sem við sáum á endurhæfingarstöðunum voru m.a. grípandi myndir þar sem einstaklingar nýta styrkleika sína þrátt fyrir hindranir í umhverfi og hvetjandi einkunnarorð. Skipaðir hafa verið vinnuhópar til þess að innleiða þekkinguna í starfsemi deildarinnar. Starfsandinn á deildinni var góður fyrir en allt ferlið eflði samstöðu hópsins þar sem allir sameinuðust um að taka virkan þátt. Staðfesting fékkst á því að við erum að gera góða vinnu á Reykjalundi en gott starf má alltaf bæta.

V3

Styrktaræfingar vegna slitgigtar í höndum

Herdís Halldórsdóttir og Sigríður Bjarnadóttir

Reykjalundur

Bakgrunnur

Innan iðjuþjálfunar á gigtarsviði hefur skort gagnreyndar styrktaræfingar fyrir skjólstæðinga með slitgigt í höndum. Slitgigt er algengasti gigtarsjúkdómurinn á Íslandi og eykst tíðni hans með aldrinum. Tíðnin er meiri hér á Íslandi en t.d. í Svíþjóð. Slitgigt greinist hjá að a.m.k. 40% Íslendinga en slitgigtareinkenni eru ekki jafn algeng. Talið er að um það bil 15% þjóðarinnar hafi einkenni sjúkdómsins og eru þau algengari hjá konum. Verkir og hreyfiskerðing eru helstu einkenni slitgigtar. Engin þekkt meðferð læknar slitgigt en ýmislegt getur dregið úr einkennunum og aukið þar með þátttöku í samfélaginu, lífsgæði og sjálfsbjargargetu fólks. Á síðustu árum hefur þekking á orsökum slitgigtar og meðferð stóraukist. Talið er að styrkjandi og úthaldsaukandi æfingar gagnist einna best sem meðferð við slitgigt. Iðjuþjálfum ber skylda til að fylgjast með nýjustu þekkingu á öllum sviðum og nýta hana til hagsbóta fyrir skjólstæðinga sína.

Aðferð

Höfundar sem starfa á gigtarsviði Reykjalundar hafa notað svipaðar handaæfingar um árabil og erfitt hefur verið að rökstyðja árangur þeirra. Leitað var upplýsinga um gagnreyndar styrktaræfingar fyrir hendur og árangur þeirra. Í ljós kom að þróað hafði verið gagnreynt handaæfingaprógramm fyrir fólk með slitgigt við National Advisory Unit on Rehabilitation in Rheumatology í Osló. Tvær rannsóknir á árangri handaæfinganna hafa verið birtar, ein forrannsókn þar sem þátt tóku 11 manns (10 konur og 1 karl) og ein slembuð samanburðarrannsókn með 80 konum. Niðurstöður sýndu m.a. að styrktaræfingarnar bættu marktækt færni (sjálfsmat), drógu úr þreytu, minnkuðu liðverki og juku handstyrk hjá konum með slitgigt.

Staða

Fengið var formlegt leyfi frá Ingvild Kjeken professor í iðjuþjálfun aðalhöfundi handaæfinganna til að þýða þær á íslensku og nota. Leiðbeiningar voru þýddar og teknar nýjar en samsvarandi ljósmyndir sem eiga við hverja æfingu. Þegar er byrjað að prófa æfingarnar í iðjuþjálfun Reykjalundar.

V4

„Ef þú hefur ekkert verður lítið að miklu“
Framfarir í athöfnum daglegs lífs eftir færnibætandi
handarskurðaðgerðir á mænusköðuðum einstaklingum

Sigrún Garðarsdóttir, Sigprúður Loftsdóttir og Páll E. Ingvarsson

Landspítali

Bakgrunnur

Mænuskaði er örlogaríkur atburður sem hefur áhrif á alla lífspætti og skerðir líkamlega færni verulega, þar með færni til að framkvæma daglegar athafnir og virka þátttöku í hringiðu samfélagsins. Skaði í hálshluta mænu veldur skerðingu á handarfærni einstaklinga. Handarfærni t.d. að taka upp og handfjatla hluti er öllum mikilvæg í daglegu lífi og hefur hún verið metin af sumum mænusköðuðum einstaklingum mikilvægari en t.d. getan til að stjórna þvagblöðru og þörmum, færni til að stunda kynlíf eða stjórna neðri útlimum. Markmið rannsóknarinnar var að kanna gagnsemi færnibætandi handarskurðaðgerða hjá íslenskum mænusköðuðum einstaklingum sem farið hafa í slíkar aðgerðir á Sahlgrenska sjúkrahúsinu í Gautaborg, Svíþjóð.

Aðferð

Spurningalisti *Mat á færni við athafnir daglegs lífs (ADL)* var lagður fyrir 7 einstaklinga, 2 konur og 5 karla, sem fóru í færnibætandi handarskurðaðgerðir á árunum 2006 til 2008. Spurningalistinn er byggður á lista sem notaður hefur verið í sambærilegum rannsóknum og samanstendur af 34 spurningum. Meðalaldur þátttakenda við aðgerð var 49.6 ár (39 – 65 ár) og meðaltími frá mænuskaða að aðgerð var 16.3 ár (5 – 31 ár). Aðgerðir voru gerðar til að bæta grip í höndum, beygju í þumli og olnbogaréttu.

Niðurstöður

Helmingur þátttakenda upplifði breytingu á færni sinni til hins betra í 16 (55.2%) athöfnum af 29. Í 12 (41.4%) athöfnum hafði færni haldist óbreytt hjá helmingi þátttakenda. Hjá einum hafði færni versnað í athöfninni að lyfta sér upp í sæti. Allir gáfu til kynna bætt lífsgæði og hjá 5 höfðu aðgerðirnar uppfyllt væntingar til aukinnar færni. Árangur handaraðgerðanna lofar góðu þar sem niðurstöður gefa til kynna aukna færni þátttakenda í athöfnum daglegs lífs og bætt lífsgæði. Slíkar niðurstöður styðja mikilvægi þess að handaraðgerðir verði áfram hluti af meðferð.

V5

Að róa með eða móti straumnum

Starfslok sjómanna og breytingar á þátttöku í kjölfarið

Kristjana Fenger

Háskólinn á Akureyri

Bakgrunnur

Starfslokaferlið getur reynst eldra fólki mikil áskorun. Hjá sjómönnum eru þetta tímabil um margt frábrugðið starfslokum annarra stétta þar sem þeir í starfi sínu dvelja langtímum saman fjarri heimili sínu og hafa þá um leið færri tækifæri til samveru við fjölskyldu sína og þátttöku í félagslífi og tómstundaiðju. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á starfslokaferli sjómanna þrátt fyrir að fiskveiðar eru ein aðal atvinnugrein Íslendinga. Markmiðið þessarar rannsóknar er að fá mynd af þeim breytingum sem verða á þátttöku sjómanna á heimili og í samfélaginu við starfslok.

Aðferð

Blönduðu könnunarsniði var beitt. Í fyrstu var tekið viðtal við níu sjómenn og gögnin greind með opinni kóðun sem urðu að nokkrum þemum. Til að kanna sum þeirra frekar var gerð símakönnun hjá 37 sjómönnum og þau gögn greind með lýsandi tölfræði. Niðurstöður beggja hluta rannsóknarinnar voru síðan dregin saman.

Niðurstöður

Þeir sjómenn sem ákváðu sjálfir að fara á eftirlaun voru sáttir. Hjá þeim jókst þátttaka í heimilislífi marktækt í kjölfar starfsloka, en hvorki í félagslífi né tómstundaiðju. Hjá þeim sem neyddust til að hætta vegna sölu á fiskiskipi eða heilsuleysis gætti biturleika og sorgar. Við tók erfið atvinnuleit þar sem þeim fannst þeir vera einir á báti. Þegar sjómennirnir komu alfarið í land gátu stundum komið upp árekstrar á heimilinu þegar þeir vildu taka að sér ný hlutverk eða viðfangsefni sem konan sá um áður. Að hafa tækifæri til að ákveða tímasetningu eigin starfsloka getur þannig haft afdrifaríkt áhrif á lífshamingju á árunum sem á eftir koma og þátttöku í heimilislífi. Þvinguð starfslok geta leitt til togstreitu, vanlíðan og slítandi atvinnuleitar og þarfnast þeir sjómenn að eigin mati leiðsagnar og stuðnings. Iðjuþjálfar gætu t.d. gegnt slíku hlutverki.